

**Nr. 19-157 S 097 Kap II VE 7*****Skipverji fellur úr stiga niður í lest***

*Skipaskr.nr.* 1062  
*IMO:* 6804692  
*Útgerð:* Vinnslustöðin hf.  
*Smíðaður:* Stálvík, 1967, stál  
*Stærð:* 407,58 brl. 575,28 bt.  
*Mesta lengd:* 52,07 m *Skráð lengd:* 47,0 m  
*Breidd:* 7,90 m *Dýpt:* 6,20 m  
*Vél:* Bergen diesel, 729,0 kw, 1981  
*Fjöldi skipverja:* 12



Kap II © Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 16. október 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 10. maí 2019 var Kap II VE 7 á grálúðuveiðum á Austfjarðamiðum. Veður: NV 8 m/sek.

Skipverji var á leið upp stiga úr lestinni þegar hann rann til í þriðja neðsta þrepinu og féll aftur fyrir sig. Lenti hann með hægri öxl á horni fiskikars. Siglt var með slasaða til Neskaupsstaðar.

***Við rannsókn kom fram:***

- að stiginn var lóðréttur og búið var að bensla rafmagnskapal fyrir stjórnbox lestarfærubandsins við eitt stigaprepið;
- að þegar skipverjinn var að stíga í það þrep stigans sem rafmagnskapalinn var benslaður við steig hann á kapalinn sem slitnaði og skipverjinn féll aftur fyrir sig úr stiganum;
- að skipverjinn mun hafa farið úr axlarlið en smollið í liðinn aftur og við það klemmdist taug;
- að festingum fyrir rafmagnskapalinn var breytt strax eftir slysið.

***Nefndarálit:***

Orsök slyssins var slæmur frágangur á rafmagnskapli.